

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 318/2021

frá 29. október 2021

um breytingu á XX. viðauka við EES-samninginn (Umhverfismál)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“),
einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/851 frá 30. maí 2018 um breytingu á tilskipun 2008/98/EB um úrgang ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1004 frá 7. júní 2019 um reglur um útreikning, sannprófun og skýrslugjöf að því er varðar gögn um úrgang í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB og um niðurfellingu á framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2012) 2384 ⁽²⁾.
- 3) XX. viðauki við EES-samninginn í breytist því samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

XX. viðauka við EES-samninginn verður breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi er bætt við lið 32ff (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB):

„— **32018 L 0851**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/851 frá 30. maí 2018 (Stjtið. ESB L 150, 14.6.2018, bls. 109).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

4., 5., 7. og 8. mgr. 9. gr. og 3. mgr. 37. gr. gilda ekki.“

2. Eftirfarandi er bætt við á eftir lið 32ffe (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/727/ESB):

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 150, 14.6.2018, bls. 109.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 163, 20.6.2019, bls. 66.

„32fff. **32019 D 1004**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1004 frá 7. júní 2019 um reglur um útreikning, sannpröfun og skýrslugjöf að því er varðar gögn um úrgang í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB og um niðurfellingu á framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2012) 2384 (Stjútíð. ESB L 163, 20.6.2019, bls. 66).

Ákvæði ákvörðunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Að því er varðar 3. gr. og I. viðauka, skal Liechtenstein nota jafngilda aðferð við að ákvarða þyngd heimilisúrgangs sem er endurunninn.“

2. gr.

Texti tilskipunar (ESB) 2016/851 og framkvæmdarákvörðunar (ESB) 2016/1004, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. október 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. október 2021.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Rolf Einar Fife

forseti.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.